Samkvæmt brjefi frá póststjórninni dgs. 28 febr. þ. á. sendi jeg yður nú, herra prestur, brjef þau og bögglasendingar, er ganga eiga í Blönduhlíðina, í trausti til þess, að þjer takist á hendur brjefhirðingu þá, er póststjórnin ætlast til að sett sje á Miklabæ og byrji með nýjum sumarferðum.

Að því er brjefhirðingarlaunin snertir þá hefur póststjórnin tekið það fram að þó[?] sje það sem ætlað er til aukapóstferða og brjefhirðingamanna fyrir þetta fjárhagstímabil sje svo lítið að brjefhirðingalaunin til hinna nýju brjefhirðinganna á Lóni[?], Miklabæ og Þrýtingsstöðum[?] eigi megi fara fram úr 15 til 20 krónum til hverrar um árið og með því að brjef og bögglasendingar þær er að ganga eiga í Viðvíkur- og Hólahreppa eru miklum mun fleiri en þau sem ganga á hina 2 staðina þá sje jeg mjer eigi fært að sinni, að ákveða laun brjefhirðingarinnar á Miklabæ hærri en 15 krónur um árið og treysti því að þjer látið yður nægja þessa borgun fyrst um sinn.

Bæur til bjefhindinganna lét jeg hjer með fylgja.

Víðimýri 14. maí 1890

J. Benediktsson

Til

prestsins að Miklabæ

Póstpappír Bikubn Pro Patr. Umslög stór og smá
Blek í flöskum o. Contoirblek og Skoleblæk. C. 3 að auki
2 Dus. C. 3~~6~~ stórar Ansögnings convolutter.
1 bók af stórum örkum (undir rei[?]ings)
Strykuðum. Penna nýlugpennar eingöngu

Póststofan í Reykjavík
10 marz 1900

Eptir að hafa borið skaðabótakröfu Ólafs Hallgrímssonar á Kúskerpi, er þjer senduð mjer með brjefi 31. ágúst f. á., undir úrskurð landshöfðingja, hefur hann með brjefi dags. 10. þ.m. skrifað mjer á þessa leið:

„Með brjefi dags. 28. f.m. hafið þjer, herra póstmeistari, sent hingað erindi frá Ólafi Hallgrímssyni á Kúskerpi í Skagafirði um að fá borgaðar úr landssjóði 20 kr. í skaðabætur fyrir jafnmikla upphæð, sem á að hafa glatast úr brjefi frá honum til Ólafs J. Ólafssonar í Saurbæ í Siglufirði, og sent var í júní síðastliðnum með aukapóstinum milli Miklabæjar og Lóns.

Útaf þessu, skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að eigi er fram komin full sönnun fyrir því, að hin umgetna upphæð hafi verið í nefndu brjefi, er því var skilað á póstafgreiðslunni í Miklabæ, nje heldur er sannað, að hún hafi eigi verið í brjefinu er það var afhent viðtakanda á Siglufirði, getur umrædd skaðabótakrafa eigi orðið tekin til greina“

Þetta tilkynnist yður hjermeð til frekari birtingar

S. Briem

Til póstafgreiðslumannsins á

Víðimýri

Póststofan i Reykjavik.

11. septbr. 1902.

Hjer með sendi jeg yður, herra póstafgreiðslumaður, samning í tvennu lagi um póstferðirnar milli Lóns og Hóla, sem jeg bið yður að láta Sigurð Þorsteinsson undirskrifa og endursenda mjer síðan annað eintakið.

S. Briem

Til
póstafgreiðslumannsins á Víðimýri.

# Samningur

um póstferðirnar milli Viðimýrar og Goddala

1. *gr.* Með samningi þessum, er Þorvaldur Arason ráðinn til að fara póstferðir þær milli Viðimýrar og Goddala, sem samkvæmt áætlun um póstferðir ár hvert á að fara milli nefndra staða.

2. *gr.* Póstsendingar skal flytja í koffortum, töskum eða innsigluðum pokum. Pósturinn hefir ekki lykil að koffortunum, heldur að eins að töskunum. Hann afhendir flutninginn póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingarmönnum og skal hafa nákvæmt eptirlit með, að skrifað sje á stundaseðil hans, bæði það, sem hann skilar, og það, sem hann tekur á móti, og að póstafgreiðandi gjöri athugasemdir á seðilinn, ef sendingarnar bera eigi saman við hann.

Þegar skiptir um pósta, skal rannsaka allan póstflutninginn, hvort innsigli sé ósködduð og hvort fyrirbönd sjeu heil og óhnýtt saman.

3. *gr.* Pósturinn skal leggja af stað þá daga, sem tilteknir eru í áætluninni, og halda áfram ferð sinni án allra ónauðsynlegra tafa og króka. Samt er póstur skyldur til að bíða, ef póstafgreiðandi álítur það nauðsynlegt vegna annara pósta, þó ekki lengur en svo, að hann í tæka tíð geti náð til endastöðva póstleiðarinnar.

4. *gr.* Póstinum ber að við hafa hina mestu gætni og varfærni í póstferðunum og gæta póstsendinganna mjög vandlega, að þær ekki glatist eða skemmist.

5. *gr.* Milli póststöðva er póstur skyldur til að taka á móti lausum brjefum og afhenda þau næsta póstafgreiðanda, en að öðru leyti má hann engar sendingar hafa meðferðis utan pósts. Brot á móti þessu varðar í fyrsta skipti 1/8 til 1/2 af borguninni fyrir þá póstferð. Ef brotið er ítrekað, varðar það sömu sektum, og skal þá þegar víkja póstinum frá.

6. *gr.* Borgunin fyrir hverja póstferð fram og aptur er

5 — fimm — krónur

Borgunin fyrir hverja póstferð greiðist að helmingi fyrir fram við byrjun ferðarinnar og að helmingi eptir á, að póstferðinni aflokinni.

7. *gr.* Í borgun þeirri, sem ákveðin er í 6. gr., er fólgin laun póstsins sjálfs og borgun fyrir flutning á öllum póstflutningnum, hversu stór sem hann er

Pósturinn er skyldur til að flytja öll koffort, töskur og poka, sem hann hefir meðferðis til baka aptur.

Pósturinn leggur til, án sjerstakrar borgunar, klyfsöðla og önnur reiðveri, er þurfa við flutning póstsendinganna.

8. *gr.* Póstinum ber nákvæmlega að hegða sjer eptir því, sem póstmeistarinn leggur honum fyrir í öllu því, er snertir póstferðirnar, einnig í þeim atriðum, sem ekkert er ákveðið um í framanskrifuðum greinum. Skyldi póstur ekki geta farið einhverja póstferð, er hann skyldur til, á sinn eigin kostnað og ábyrgð, að setja fyrir sig áreiðanlegan og þar til hæfan mann, sem póstafgreiðandi metur gildan í hans stað.

9. *gr.* Fari pósturinn ekki af stað á ákveðnum tíma, sjeu fargögn eigi í því standi, sem ákveðið er, hafi hann án gildra ástæðna farið aðra leið en ákveðið var eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið út af nokkru því, sem um var samið, skal hann sæta sektum frá 2 til 40 kr., eptir nánari ákvörðun póstmeistarans. Ef náttúruviðburðir eru orsök í slíku, ber póstinum, til að firra sig vítum, að sanna það með vottorði áreiðanlegs manns. Sje póstur drukkinn í póstferð, skal honum vikið frá.

10. *gr.* Samningur þessi er gjörður, að áskildu samþykki póstmeistara, og skal pósturinn fá staðfest eptirrit af honum. Pósturinn getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara, en póststjórnin getur sagt honum upp fyrirvaralaust. Þessu skal samt eigi verða beitt, nema sjerstök atvik heimti.

Hinn 16 ágúst 1907

Fyrir hönd póststjórnarinnar — Sigurður Briem

Sem póstur — Þorvaldur Arason

Ísafoldarprentsmiðja.

# Samningur

um póstferðirnar milli Víðimýrar og Siglufjarðar

*1. gr.* Með samningi þessum, er Þorvaldur Arason ráðinn til að fara póstferðir þær milli Víðimýrar og Siglufjarðar, sem samkvæmt áætlun um póstferðir ár hvert á að fara milli nefndra staða.

*2. gr.* Póstsendingar skal flytja í koffortum, töskum eða innsigluðum pokum. Pósturinn hefir ekki lykil að koffortunum, heldur að eins að töskunum. Hann afhendir flutninginn póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingarmönnum og skal hafa nákvæmt eptirlit með, að skrifað sje á stundaseðil hans, bæði það, sem hann skilar, og það, sem hann tekur á móti, og að póstafgreiðandi gjöri athugasemdir á seðilinn, ef sendingarnar bera eigi saman við hann.

Þegar skiptir um pósta, skal rannsaka allan póstflutninginn, hvort innsigli sé ósködduð og hvort fyrirbönd sjeu heil og óhnýtt saman.

*3. gr.* Pósturinn skal leggja af stað þá daga, sem tilteknir eru í áætluninni, og halda áfram ferð sinni án allra ónauðsynlegra tafa og króka. Samt er póstur skyldur til að bíða, ef póstafgreiðandi álítur það nauðsynlegt vegna annara pósta, þó ekki lengur en svo, að hann í tæka tíð geti náð til endastöðva póstleiðarinnar.

*4. gr.* Póstinum ber að við hafa hina mestu gætni og varfærni í póstferðunum og gæta póstsendinganna mjög vandlega, að þær ekki glatist eða skemmist.

*5. gr.* Milli póststöðva er póstur skyldur til að taka á móti lausum brjefum og afhenda þau næsta póstafgreiðanda, en að öðru leyti má hann engar sendingar hafa meðferðis utan pósts. Brot á móti þessu varðar í fyrsta skipti 1/8 til 1/2 af borguninni fyrir þá póstferð. Ef brotið er ítrekað, varðar það sömu sektum, og skal þá þegar víkja póstinum frá.

*6. gr.* Borgunin fyrir hverja póstferð fram og aptur er

20 – tuttugu – krónur

Borgunin fyrir hverja póstferð greiðist að helmingi fyrir fram við byrjun ferðarinnar og að helmingi eptir á, að póstferðinni aflokinni.

*7. gr.* Í borgun þeirri, sem ákveðin er í 6. gr., er fólgin laun póstsins sjálfs og borgun fyrir flutning á alltað 40 ℔ þunga, en fyrir flutning á hverju pundi þar fram yfir fær pósturinn 10 aura.

Pósturinn er skyldur til að flytja öll koffort, töskur og poka, sem hann hefir meðferðis til baka aptur.

Pósturinn leggur til, án sjerstakrar borgunar, klyfsöðla og önnur reiðveri, er þurfa við flutning póstsendinganna.

*8. gr.* Póstinum ber nákvæmlega að hegða sjer eptir því, sem póstmeistarinn leggur honum fyrir í öllu því, er snertir póstferðirnar, einnig í þeim atriðum, sem ekkert er ákveðið um í framanskrifuðum greinum. Skyldi póstur ekki geta farið einhverja póstferð, er hann skyldur til, á sinn eigin kostnað og ábyrgð, að setja fyrir sig áreiðanlegan og þar til hæfan mann, sem póstafgreiðandi metur gildan í hans stað.

*9. gr.* Fari pósturinn ekki af stað á ákveðnum tíma, sjeu fargögn eigi í því standi, sem ákveðið er, hafi hann án gildra ástæðna farið aðra leið en ákveðið var eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið út af nokkru því, sem um var samið, skal hann sæta sektum frá 2 til 40 kr., eptir nánari ákvörðun póstmeistarans. Ef náttúruviðburðir eru orsök í slíku, ber póstinum, til að firra sig vítum, að sanna það með vottorði áreiðanlegs manns. Sje póstur drukkinn í póstferð, skal honum vikið frá.

*10. gr.* Samningur þessi er gjörður, að áskildu samþykki póstmeistara, og skal pósturinn fá staðfest eptirrit af honum. Pósturinn getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fýrirvara, en póststjórnin getur sagt honum upp fyrirvaralaust. Þessu skal samt eigi verða beitt. nema sjerstök atvik heimti.

Hinn 16 ágúst 1902

Fyrir hönd póststjórnarinnar — Sigurður Briem

Sem póstur — Þorvaldur Arason

Ísafoldarprentsmiðja.

# Samningur

um póstferðirnar milli Miklabæjar og Lóns

*1. gr.* Með samningi þessum, er hr. Björn Jónsson á Miklabæ ráðinn til að fara póstferðir þær milli Miklabæjar og Lóns, sem samkvæmt áætlun um póstferðir ár hvert á að fara milli nefndra staða.

*2. gr.* Póstsendingar skal flytja í koffortum, töskum eða innsigluðum pokum. Pósturinn hefir ekki lykil að koffortunum, heldur að eins að töskunum. Hann afhendir flutninginn póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingarmönnum og skal hafa nákvæmt eptirlit með, að skrifað sje á stundaseðil hans, bæði það, sem hann skilar, og það, sem hann tekur á móti, og að póstafgreiðandi gjöri athugasemdir á seðilinn, ef sendingarnar bera eigi saman við hann.

Þegar skiptir um pósta, skal rannsaka allan póstflutninginn, hvort innsigli sé ósködduð og hvort fyrirbönd sjeu heil og óhnýtt saman.

*3. gr.* Pósturinn skal leggja af stað þá daga, sem tilteknir eru í áætluninni, og halda áfram ferð sinni án allra ónauðsynlegra tafa og króka. Samt er póstur skyldur til að bíða, ef póstafgreiðandi álítur það nauðsynlegt vegna annara pósta, þó ekki lengur en svo, að hann í tæka tíð geti náð til endastöðva póstleiðarinnar.

*4. gr.* Póstinum ber að við hafa hina mestu gætni og varfærni í póstferðunum og gæta póstsendinganna mjög vandlega, að þær ekki glatist eða skemmist.

*5. gr.* Milli póststöðva er póstur skyldur til að taka á móti lausum brjefum og afhenda þau næsta póstafgreiðanda, en að öðru leyti má hann engar sendingar hafa meðferðis utan pósts. Brot á móti þessu varðar í fyrsta skipti 1/8 til 1/2 af borguninni fyrir þá póstferð. Ef brotið er ítrekað, varðar það sömu sektum, og skal þá þegar víkja póstinum frá.

*6. gr.* Borgunin fyrir hverja póstferð fram og aptur er

5 – fimm – krónur

Borgunin fyrir hverja póstferð greiðist að helmingi fyrir fram við byrjun ferðarinnar og að helmingi eptir á, að póstferðinni aflokinni.

*7. gr.* Í borgun þeirri, sem ákveðin er í 6. gr., er fólgin laun póstsins sjálfs og borgun fyrir allan þann póstflutning, sem flytja skal í hverri ferð

Pósturinn er skyldur til að flytja öll koffort, töskur og poka, sem hann hefir meðferðis til baka aptur.

Pósturinn leggur til, án sjerstakrar borgunar, klyfsöðla og önnur reiðveri, er þurfa við flutning póstsendinganna.

*8. gr.* Póstinum ber nákvæmlega að hegða sjer eptir því, sem póstmeistarinn leggur honum fyrir í öllu því, er snertir póstferðirnar, einnig í þeim atriðum, sem ekkert er ákveðið um í framanskrifuðum greinum. Skyldi póstur ekki geta farið einhverja póstferð, er hann skyldur til, á sinn eigin kostnað og ábyrgð, að setja fyrir sig áreiðanlegan og þar til hæfan mann, sem póstafgreiðandi metur gildan í hans stað.

*9. gr.* Fari pósturinn ekki af stað á ákveðnum tíma, sjeu fargögn eigi í því standi, sem ákveðið er, hafi hann án gildra ástæðna farið aðra leið en ákveðið var eða tafið of lengi á leiðinni, eða ef hann yfir höfuð hefir brugðið út af nokkru því, sem um var samið, skal hann sæta sektum frá 2 til 40 kr., eptir nánari ákvörðun póstmeistarans. Ef náttúruviðburðir eru orsök í slíku, ber póstinum, til að firra sig vítum, að sanna það með vottorði áreiðanlegs manns. Sje póstur drukkinn í póstferð, skal honum vikið frá.

*10. gr.* Samningur þessi er gjörður, að áskildu samþykki póstmeistara, og skal pósturinn fá staðfest eptirrit af honum. Pósturinn getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara, en póststjórnin getur sagt honum upp fyrirvaralaust. Þessu skal samt eigi verða beitt, nema sjerstök atvik heimti.

Hinn 8 júlí og 6. sept. 1902

| Fyrir hönd póststjórnarinnar | Sem póstur |
|---|---|
| Sigurður Briem | Björn Jónsson |

Ísafoldarprentsmiðja.

Reykjavík, 10. apríl 1919.

Herra póstafgreiðslumaður.

Í febrúar síðastl. kusu nokkrir landsstarfsmenn nefnd, til þess að íhuga og láta í ljós, hvernig bætt yrðu laun allra landsstarfsmanna. Eftir tilhlutun þessarar nefndar var haldinn fundur hjer í bænum 25. f.m., þar sem mættu margir embættismenn og aðrir landsstarfsmenn. Eftir nokkrar umræður voru samþyktar tvær tillögur frá nefndinni. Fyrri tillagan hljóðar svo:

"Fundurinn skorar fastlega á stjórnarráðið að hlutast til um að
"á næsta alþingi verði sett ný lög um að laun allra embættis-
"manna og annara starfsmanna ríkisins verði bætt upp samkvæmt
"verðlagsskrá, hvort heldur sem dýrtíðaruppbót eða að nokkru
"leyti sem hækkun á föstum launum. Verðlagsskrá þessi miðist
"við verðlag á helstu lífsnauðsynjum, og skal eftirleiðis reikna
"út árlega eftir henni launauppbót hvers embættismanns og starfs-
"manns meðan dýrtíð helst. Skal verðlagsskrá þessi jafnan samin
"af Hagstofunni og staðfest af ráðherra, og fái menn laun sín
"samkvæmt þessu fyrirkomulagi frá síðustu áramótum að telja."

En hin síðari:

"Fundurinn telur æskilegt að allir embættismenn og landsstarfs-
"menn yfirleitt myndi með sjer eitt allsherjar-samband til þess
"að koma fram rjettmætum kröfum um endurbætur á launakjörum sín-
"um. Samband þetta sje myndað af ýmsum deildum eða minni fjelögum,
"er kjósi hvert fyrir sig einn eða fleiri fulltrúa í stjórn sam-
"bandsins. Lög sambandsins skulu hafa samþykki allra hinna ein-
"stöku deilda og þær skulu leggja til hver sinn skerf til út-
"gjalda þess. Fundurinn kýs 7 menn til þess að undirbúa það
"fyrsta stofnun hinna einstöku deilda og sambandsins og jafn-
"framt felur fundurinn sömu mönnum að bera upp nú þegar fyrir
"stjórnarráðinu áskorun þá um uppbót launa, er fundurinn nú
"samþykkir."

Í áliti nefndarinnar voru færð mörg og mikilvæg rök fyrir þessum tillögum. En það yrði oflangt mál að tilgreina þau í þessu brjefi.

Samkvæmt síðari tillögunni var kosin 7 manna nefndin, sem þar ræðir um. Eftir tilhlutun hennar hafa allir póstmenn í Reykjavík stofnað fjelag, sem nefnt er Póstmannafjelag, og samþykt lög fyrir það. Vjer undirritaðir höfum verið kosnir í stjórn þess.

Um leið og vjer sendum yður hjer með lög þessi leyfum vjer oss að fara þess á leit, að þjer gangið í fjelagið ásamt þeim föstum aðstoðarmönnum, sem þjer kunnið að hafa, og látið oss sem allra fyrst vita, hvort þjer og aðstoðarmenn yðar óskið að verða fjelagsmenn eða

ekki -

Oss virðist óþarft að fjölyrða um það, að þessi fjelagsskapur er ákaflega nauðsynlegur til þess að bæta hag póstmanna og gæta hagsmuna þeirra. Ef vjer stöndum sameinaðir í sterkum fjelagsskap, hlýtur oss að verða allmikið ágengt með liðsinni allsherjar-sambands landsstarfsmanna og væntanlegri aðstoð póstmeistara. Vjer vonum því fastlega að þjer gangið í fjelagið.

Það væri mjög æskilegt, að sem flestir fjelagsmenn gætu mætt á aðalfundum. En vegna óvissra skipaferða í ár, er hætt við, að ekkert geti orðið af aðalfundi í sumar. Vjer hugsum oss því í þetta sinn, að póstafgreiðslumenn, hver fyrir sig, snúi sjer skriflega til fjelagsstjórnarinnar með þær kröfur, sem þeir vilja gera um launahækkun og fleira. Munum vjer svo athuga kröfurnar, og ef oss virðast þær á rökum bygðar, reyna að fá meðmæli með þeim frá allsherjar-sambandinu og póstmeistara, koma þeim svo til alþingis og reyna að útvega þeim þar flutningsmenn. Brjef um þetta þyrftu að koma til fjelagsstjórnarinnar sem fyrst að hentugleikar hvers póstafgreiðslumanns leyfa.

Virðingarfylst,

Þorleifur Jónsson Páll Steingrímsson
O. P. Blöndal

K R. L I N N E T

sýslumaður í Skagafjarðarsýslu

KUNNGJÖRIR : að jeg hjer með skipa þORVALD ARASON póstafgreiðslumann á Víðimýri sem 2. sáttanefndarmann í Seyluhreppi.

Ber honum að rækja starf þetta með alúð og trúmensku og áður en hann tekur til starfa að undirrita í sáttabókina eiðstaf þann, sem fyrirskipaður er í tilskipun 20. jan. 1797, 8. gr., um sættastiptanir.

Til staðfestu nafn mitt og embættisstimpill.

Sauðárkróki, 20. október 1921.

Póststjórnin

Nr. ..................

Reykjavík 11. apríl 1922.

Hjer með sendi jeg yður, herra póstafgreiðslumaður 5 skilríkisspjöld er kvittun óskast fyrir.

Skrá yfir nöfn þeirra er fá skilríkisspjöld sendist póstmálaskrifstofunni í árslok.

Magnús Jochumsson
e.u.

Póstafgreiðslan

Víðimýri

*Póststjórnin*

*B.* 4 *Nr.* 211/26.

*Reykjavík* 24 mars 1926.

Hjermeð eruð þjer, háttvirti herra, settur til að gegna póstafgreiðslumannsstörfunum á Víðimýri frá 1 næsta mánaðar að telja.

S. Briem.

Herra

bóndi Steingrímur Arason,

Víðimýri.




VIÐ undirskrifaðir Haraldur Jónasson sjálfseignarbóndi á Völlum og Björn Hjörtsson sjálfseignarb. á Stóru Seylu

tökum að okkur, sem sjálfsskuldarábyrgðarmenn, ábyrgð á þeim Eitt þúsund krónum

sem herra póstafgreiðslumanni Steingrími Þ. Arasen á Víðimýri

hefir verið gjört að skyldu að setja sem trygging fyrir póstfé því, sem honum verður trúað fyrir, þannig að við skuldbindum okkur til, einn fyrir alla og allir fyrir einn, að greiða landssjóði skaðlaust alt að nefndri upphæð, ef téður póstafgreiðslumaður eigi stendur í skilum.

p.t. Brautarholti
12 dag Oktob. 1926

Haraldur Jónasson Björn Hjörtsson

Vitundarvottar:

Jón Jónsson
Jón Björnsson

Reykjavík 1. nóv. 1926

Árið 1923 var stofnaður sjóður fyrir póstmenn, sem nefndur er Póstmannasjóður. Skipulagsskrá hans, sem prentuð er í Stjórnartíðindum 1923, B-deild, bls. 92—93, ættuð þjer að kynna yður. Meiri hluta af tekjum sjóðsins á árlega að verja „til styrktar póstmönnum, sem hafa póststörf fyrir aðalatvinnu“, og þá eiga þeir, sem fyr eða seinna vilja verða aðnjótandi styrksins, að greiða 5 kr. í árstillag til sjóðsins. En stjórn hans ákveður, hvaða póstmenn það eru.

Undirrituð stjórn sjóðsins hefur ákveðið að gefa yður kost á að greiða tillag til hans í ár og framvegis, meðan þjer hafið póststörf fyrir aðalatvinnu. Ef þjer fallist á það, eruð þjer hjermeð beðinn að greiða tillagið í ár til undirritaðs fjehirðis sem allra fyrst og framvegis ekki síðar en á miðju ári.

Póstmaður, er ekki greiðir sjóðnum tillag, getur ekki orðið styrks aðnjótandi úr honum.

Virðingarfyllst

S. Briem
formaður

Þorleifur Jónsson
ritari

Guðm. Bergsson
fjehirðir

Til
póstafgreiðslumannsins ~~á~~ Steingríms Arason
Víðimýri

*Póststjórnin*

*B.*7 *nr.* 1930/1933.

Reykjavík, 3 mai 1933.

Hjermeð sendi jeg yður, háttvirti herra, sjálfskuldarábyrgðartryggingu fyrir eitt þúsund krónum með því að þjer eruð búinn að gjöra full skil fyrir póstafgreiðslunni á Víðimýri.

S. Briem.

Fyrv. póstafgreiðslumaður Steingrímur Þ. Arason,

Víðimýri.